



Alþýðusamband Íslands

Ávarp Gylfa Arnbjörnssonar forseta ASÍ á Ingólfstorgi 1. maí 2016

Samstaða í 100 ár – sókn til nýrra sigra!

Ágætu félagar, til hamingju með baráttudag verkalýðsins. Í ár fylkjumst við saman á 100 ára afmæli Alþýðusambands Íslands þar sem landsmenn lýsa allir samstöðu með baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir betra samfélagi og bættum hag með þátttöku í baráttufundum stéttarfélaganna og hátíðarhöldum um allt land.

Þetta er dagur samstöðu, bjartsýni og vona en ekki síður sá dagur þar sem við minnumst þeirra sigra sem alþýða þessa lands hefur unnið með baráttu sinni.

Yfirskrift 1. maí að þessu sinni „**Samstaða í 100 ár – sókn til nýrra sigra**“ vísar bæði í sögu verkalýðshreyfingarinnar og um leið til þess að aldrei má slaka á í baráttunni. Það er alveg ljóst, að þegar kjör og aðstæður alþýðufólks eru skoðað frá bernskuskeiði verkalýðshreyfingarinnar og fram á okkar daga, að margt hefur breyst og flest ef ekki allt til hins betra. Nægir þar að nefna réttlátari skiptingu arðsins af vinnunni, aukinn kaupmátt og bætt kjör eins og veikindarétt, orlof, lífeyrisréttindi, fæðingar- og foreldraorlof, bættan aðbúnað og hollustuhætti, starfs- og endurmenntun, tækifæri til starfsendurhæfingar og fullorðinsfræðslu sem allt grunvallast á sterkri stöðu verkalýðshreyfingarinnar og auknu afli til þess að semja og beita sér gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum.

Fullyrða má að allir helstu sigrar í réttindabaráttu launafólks og allrar alþýðu eru beint eða óbeint árangur af starfi Alþýðusambands Íslands og aðildarsamtaka þess. Það er jafnframt ljóst að þessir sigrar kostuðu oft mikil átök og miklar fórnir þess fólks, sem stóð í eldlínunni hverju sinni. Verum einng minnug þess að engin réttindi koma af sjálfu sér, hvorki í dag né áður fyrr og á langri vegferð hefur verkalýðshreyfingin lært að mestur árangur næst með samstöðu, seiglu og þolinmæði. Við lítum aldrei á nei sem loka svar, heldur bara tímabundna töf á því að ná fram þeim málum sem félagsmenn setja á oddinn hverju sinni. Með samstöðu, þolinmæði og langtímahugsun að vopni hefur launafólki tekist að beita Alþýðusambandinu og samtaka mætti sínum til þess að móta stóra þætti samfélagsins eftir hugsjónum sínum draumum í þágu allra landsmanna .

Góðir félagar.

Eitt mál hefur verið eins og rauður þráður í baráttu Alþýðusambandsins sl. 100 ár en það er baráttan fyrir mannsæmandi húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Árið 1929 setti Alþingi lög um byggingu verkamannabústaða fyrir tilstilli ASÍ og Alþýðuflokksins. Eftir lagasetninguna var Byggingafélag alþýðu stofnað en það reisti verkamannabústaðina við Hringbraut. Það varð síðar að Byggingasjóði verkamanna sem stóð fyrir uppbyggingu verkamannabústaða víða um landið.

Við misstum þetta mikilvæga kerfi verkamannabústaða frá okkur um aldamótin síðustu, þegar félagshyggja og samkennd átti undir högg að sækja, en nú knýr ófremdarástand í húsnæðismálum margra félaga okkar hreyfinguna til að láta aftur til sín taka á þessum vettvangi. Við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2015 og í samskiptum við stjórnvöld, lögðum við mikla áherslu á hækkun húsnæðisbóta og stofnun nýs félagslegs húsnæðiskerfis. Nú bíðum við þess að Alþingi afgreiði frumvörp um þessi mál áður en það verður sundrunginni að bráð í aðdraganda kosninga. Ef svo fer þá mun það hafa mjög alvarlegar afleiðingar á vinnumarkaði – því það væri hreinn og klár forsendubrestur í kjarasamningum ASÍ og SA sem koma næst til endurskoðunar í febrúar 2017.

Í tilefni af 100 ára afmæli ASÍ, ákvað miðstjórn sambandsins að stofna almennt íbúðafélag og leggja því til nauðsynlegt rekstrarfé. Systursamtök okkar og samherjar í baráttunni, BSRB, hefur síðan ákveðið að leggja okkur lið í þessu mikilvæga verkefni. Á afmældisdag ASÍ þann 12. mars s.l. var síðan undirrituð viljayfirlýsing við Reykjavíkurborg um að þetta íbúðafélag fái lóðir undir 1000 íbúðir á næstu 4 árum.

En félagar.

Reynslan sýnir að ef við stöndum ekki grjóthörð á baráttusigrum fortíðarinnar er hætt við að fljótt flæði undan réttindum launafólks. Hlutverk verkalyðshreyfingarinnar er og verður alltaf að standa vaktina í vörn og sókn í baráttu okkar fyrir bættum kjörum og réttindum á vinnumarkaði. Það er athyglisvert að á þessu aldarafmæli ASÍ erum við að glíma við svipuð mál og í árdaga hreyfingarinnar. Við erum ennþá líkt og þá að berjast fyrir því að fólk fá greidd mannsæmandi laun, að hvíldartími sé virtur og að aðbúnaður og öryggi launafólks sé í lagi. Núna eru það einkum útlendingar og ungt fólk sem verður fyrir barðinu á ósvífnum atvinnurekendum og kjarklausum embættismönnum, en þessir hópar búa að minnstum upplýsingum um réttindi sín og standa því veikt fyrir. Afstaða verkalyðshreyfingarinnar er skýr; undirboð á vinnumarkaði eru ekki bara óásættanleg heldur grafa þau undan því vinnumarkaðskerfi sem við viljum hafa á Íslandi. Við ætlumst til þess að komið sé fram af sanngirni og virðingu við fólk. Það eiga allir að fá það sem þeim ber, launamaðurinn, samfélagið og atvinnurekandinn. Við viljum að Alþingi setji atvinnulífina skýran ramma í löggjöf og tryggi að eftirlitsstofnanir hafi raunverulegt afl til þess að koma í veg fyrir misnotkun og spillingu. Stöndum þess vegna vaktina saman undir yfirskriftinni Einn réttur og ekkert svindl!

Ágætu félagar.

Íslensk þjóð hefur farið í gegnum ómælanlega efnahagslega og félagslega eldraun í kjölfar þess mikla hruns sem hér varð árið 2008. Aftur og aftur hefur launafólk og þjóðin öll sýnt vilja sinn og þrá eftir félagslegum og efnahagslegum stöðugleika, m.a. við gerð kjarasamninga. Krafan gagnvart stjórnmalaflokkunum er mjög skýr; við viljum breytt samfélag sem byggi á jöfnuði og jöfnum tækifærum. Þar sem engin þarf að líða skort. Þar sem börnin okkar fái tækifæri til að njóta hæfileika sinna án tillits til efnahagslegrar stöðu foreldranna. Þar sem enginn þarf að neita sér um heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar og þar sem allir búa við reisn og virðingu á ævkvöldinu.

Nú er staðan sú góðir félagar, að mikil upplausn er á vettvangi stjórnmalanna og í raun er pólitísk kreppa í landinu og hefur verið viðvarandi síðan haustið 2008. Ríkisstjórnin hrökklaðist frá og við hefur tekið einhvers konar starfslokastjórn sem ekki hefur látið uppi með skýrum hætti hvenær gengið verði til kosninga. Þjóðin hefur sagt sitt og gerir kröfu um nýjan samskiptamáta stjórnmalanna og bætt siðferði valdamanna.

Við verðum jafnframt að vera okkur meðvituð um að pólitísk ólga hefur tilhneigingu til þess að grafa undan efnahagslegum og félagslegum stöðugleika og færa sig yfir á vinnumarkaðinn líkt og við sáum á síðasta og þar síðasta ári.

Við þessar aðstæður er mikilvægara en nokkru sinni, að verkalyðshreyfingin og atvinnurekendur á almennum og opinberum vinnumarkaði að ræði af alvöru forsendur fyrir nýju líkani við gerð kjarasamninga sem styðji við markmið okkar um efnahagslegan og félagslegan stöðugleika í landinu. Það er einnig alveg dagljóst að það er ekki síður mikilvægt að stjórnmalaflokkarnir endurskoði og endurmeti samskiptin á hinum pólitíska vettvangi – bæði sín í milli, gagnvart kjósendum en ekki síður samskipti stjórnmalanna við vinnumarkaðinn. Alþýðusambandið hefur verið mjög afdráttarlaust í kröfu sinni um, að ekki nægi að treysta einungis hinn efnahagslega stöðugleika, því þurfi að fylgja víska um forgangsröðun sem tryggir félegt réttlæti og stöðugleika. Við ætlum ekki ein að axla ábyrgð á hinum efnahagslega hluta ef því fylgja ekki skuldbindingar um hina félagslegu og velferðarpólitísku hlið. Þessi umræða og þessi vinna er í gangi, en hefur ekki ennþá náð landi. Krafa þjóðarinnar um kosningar skapar nú stjórnmalum einstakt tækifæri til þess að endurmeta og endurskilgreina samskipti sín við vinnumarkaðinn og til þess að færa sig nær þjóðinni.

Góðir félagar, að lokum þetta.

Íslensk verkalyðshreyfing hefur verk að vinna. Við verðum að verja þann árangur sem náðst hefur um leið og við sækjum fram til að byggja réttlátt samfélag til höfuðs misrétti og fátækt. Samfélag, þar sem komið er fram við alla af sanngirni og virðingu og þar sem örlög eins eru örlög okkar allra. Í þeirri baráttu er mikilvægt, nú sem fyrr, að við stöndum saman sem ein órofa heild.

Gleðilegt sumar og til hamingju með baráttudag verkafólks.